Álfurinn sem langaði að fljúga

Það var stjörnubjört nótt þegar Þórir skreið undan steini sínum. Hann var að vakna af djúpum svefni þegar vinir hans komu fljúgandi til hans. Þórir var afar óvenjulegur drengur. Hann hafði löng og stór eyru og var hann frekar lítill, enda er hann álfur. Allir vinir hans höfðu stóra og tignarlega vængi sem hann hafði ekki. Hann upplifði ekki jafn mikið frelsi og vinir hans höfðu, enda hafði hann aldrei séð toppinn á trjánum eða bjarmann frá sólu heldur bara myrkan skóg svo langt sem augað eygði. Þórir reyndi allar leiðir til að fljúga en án árangurs og það hlógu allir af honum. Þessa nótt ætlaði hann að breyta þessu öllu. Þórir var tilbúinn til að prófa nýju uppfinningu sína, sem hann vonaði að myndi breyta lífi hans endanlega. Allir söfnuðust saman til að sjá þennan litla álf takast á loft. Þórir var búinn að gera allt tilbúið og skaust hann af stað. Spennan hjá Þóri dó fljótt út, hann hafði hrapað. Þórir var svo niðurdreginn af skömm að hann hljóp á brott frá öllum og vildi aldrei sjá neitt þeirra aftur. Hann hljóp og hann hljóp. Það var eins og skógurinn ætlaði aldrei að taka enda. Þórir stoppaði um stund og settist niður til að ná andanum. Eftir dágóða stund rankaði Þórir við sér á ný. Honum brá eilítið þegar hann sá fullt af göldróttum dísum allt í kingum sig. Hann stökk á fætur og spurði hverjar þær væru. Við erum álfadísir og færum við þér eina ósk sem þú færð ekki afturtekið, svaraði ein dísin. Þórir svaraði hiklaust og bað um vængi til að gera vini sína stolta af sér. Ósk hans var uppfyllt og fékk hann flottustu vængi sem álfur gæti hugsað sér. Þórir þakkaði dísunum og flaug af stað stoltur á svip heim til vina sinna. Þegar hann kom heim til sín störðu allir á hann með öfundarsvip, það vildu allir vængina hans. Þórir var orðinn svo glaður að geta loks séð trjátoppana, fundið lyktina af greninu, séð sólina og smakkað epli. Allt þetta veitti honum svo mikla hamingju. En skyndilega fann Þórir að eitthvað var að, það var eitthvað sem sagði honum að þetta væri ekki rétt. Hann var orðinn flottasti álfurinn af öllum og allir hlógu með honum í staðinn fyrir að honum. Þórir gat ekki beðið um betri ósk til að byrja með, en seinna meir kom þessi eymdar tilfinning aftur og var hún sterkari en áður. Hann fann fyrir eymd og óhamingju þótt hann væri umkringdur öllum vinum sínum, sem höfðu gert hann svo glaðann á hverjum degi eftir að hafði fengið vængina. Þá fór hann að hugsa hvort öllum líkaði bara við hann, því núna hafði hann flottustu vængina. Við þessa hugsun fann hann afhverju eymdin var orðin svona sterk, hann var ekki metinn útaf neinu nema vængjunum. Ef allir voru svona hrifnir af vængjunum því sögðu þau það bara ekki. Það eina sem Þóri langaði var að getað verið með þeim sem hann taldi að væru sannir vinir sínir. Næstu nótt ákvað Þórir að finna álfadísirnar og biðja þær um að fjarlægja vængi

hans fyrir fullt og allt, því hann vildi aftur verða álfurinn sem honum líkaði við. Álfurinn sem lét ekkert stoppa sig. Hann tók til nesti ef hann skyldi ekki finna álfadísirnar strax og þyrfti að leita lengi.

Hann gekk lengi nótt og dag en það var eins og álfadísirnar vildu ekki láta finna sig. Svo áttaði hann sig á að álfadísirnar höfðu sagt að hann fengi bara eina ósk og gæti ekki tekið hana til baka. Þórir fór að gráta, en það leið ekki að löngu fyrr en álfadís flaug hjá og spurði hvað væri að angra hann. Þórir sagði henni allt af létta og sagði hún við hann að hann skyldi koma með sér. Þórir og dísin fóru saman gegnum lítinn foss að flottasta þorpi í heimi, þorpi álfadísanna. Dísin góða sagði öllum sögu Þóris og voru ekki allar sammála um hvort ætti að létta af óskinni. Eftir stuttar samræður ákváðu dísarnar að hann gæti losnað við vængina með því skilyrði að hann myndi sætta sig við hver hann væri og lifað í sátt við sjálfan sig. Þórir sagði við dísarnar að hann væri löngu búinn að taka sjálfan sig í sátt eins og hann væri í raun og í sömu svipan losnuðu vængirnir hans af, fyrir fullt og allt. Litli álfurinn Þórir byggði sér hús þar sem hann gat fengið frið til að vinna við uppfinningar sínar sem myndu hjálpa honum að fljúga og geta klifrað uppí hæstu trjátoppa. Hann lærði af þessu öllu að hann þyrfti enga vængi til að vera hamingjusamur. Nú átti hann fullt af góðum vinum sem hjálpuðu honum að smíða og finna upp nýjar leiðir til að fljúga á öruggan hátt. Eftir stuttan tíma þekktu allir Þóri sem gáfaðasta álf í heimi.